

BÓKUN 44 ^{1}
UM VERNDARRÁÐSTAFANIR Í TENGLUM VIÐ STÆKKANIR
EVROPSKA EFNAHAGSSVÆÐISINS

1. Beiting 112. gr. samningsins í tengslum við almenn efnahagsleg verndarákvæði og verndarráðstafanir sem er að finna í tilteknu bráðabirgðafyrirkomulagi um frjálsa för fólks og flutninga á vegum

Ákvæði 112. gr. samningsins gilda einnig í þeim tilvikum sem tilgreind eru eða um getur

- a) í ákvæðum 37. gr. aðildarlaganna frá 16. apríl 2003, 36. gr. aðildarlaganna frá 25. apríl 2005 og 37. gr. aðildarlaganna frá 9. desember 2011, og
- b) í verndarráðstöfunum í bráðabirgðafyrirkomulaginu undir fyrirsögninni „Aðlögunartímabil“ í V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauka (Staðfesturéttur), í 30. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB) í XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna), í lið 26c (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3118/93) og í lið 53a (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3577/92) í XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) og skulu tímamörk, gildissvið og áhrif vera hin sömu og mælt er fyrir um í þessum ákvæðum.

2. Verndarákvæði sem varðar innra markaðinn

Almenn tilhögun ákvarðanatöku, sem kveðið er á um í samningnum, gildir einnig um ákvarðanir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tekur við beitingu 38. gr. aðildarlaganna frá 16. Apríl 2003 og 37. gr. aðildarlaganna frá 25. apríl 2005 og 38. gr. aðildarlaganna frá 9. desember 2011.

^{1} Bókuninni var bætt við með EES-stækkunarsamningnum frá 2004 (Stjtið. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætur nr. 23, 29.4.2004, bls. 1), gildistaka 1.5.2004. Var síðar skipt út með EES-stækkunarsamningnum frá 2007 (Stjtið. ESB L 221, 25.8.2007, bls. 15 og EES-viðbætur nr. 39, 26.6.2008, bls. 1), beitt til bráðabirgða frá og með 1.8.2007, gildistaka 9.11.2011. Var síðar skipt út með EES-stækkunarsamningnum frá 2014 (Stjtið. ESB L 170, 11.6.2014, bls. 5 og EES-viðbætur nr. 58, 9.10.2014, bls. 1), beitt til bráðabirgða frá og með 12.4.2014, gildistöku er beðið.